

# ÁRSSKÝRSLA 2024 – 2025



GRUNNSKÓLINN  
Á SUÐUREYRI

GRUNNSKÓLINN Á SUÐUREYRI

ÁSTUNDUN – ÁBYRGÐ - ÁNÆGJA

Formáli .....	3
Inngangur .....	4
Starfsfólk Grunnskólans á Suðureyri 2024 – 2025 .....	5
Markmið og stefna .....	6
Forföll nemenda .....	6
Forföll starfsmanna .....	6
Aðkeypt þjónusta .....	6
Samstarf við nærsamfélagið .....	7
Skýrsla um skólahlald .....	7
Nefndir og ráð .....	9
Samstarf heimila og skóla .....	9
Kennsla og skipulag bekkjardeilda .....	10
Helstu námsgreinar og viðfangsefni .....	10
Helstu námsgreinar og viðfangsefni .....	12
Helstu námsgreinar og viðfangsefni .....	15
Helstu markmið ársins .....	17
Starfsmarkmið skólans .....	17
Læsi, orðaforði og framfarir í námi .....	17
Skapandi starf .....	17
Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti .....	18
Starfsmannahópurinn .....	18
Niðurstöður um hvernig til tókst með markmið ársins .....	19
Foreldrakönnun skólapúlsins .....	20
Innra mat .....	21
Lesferill .....	21
Gæðagreininir .....	22
Framkvæmd sjálfmats skólaárið 2024 - 2025 .....	22
Skýrsla náms og starfsráðgjafa .....	26
Upplýsingar um nauðsynlegar breytingar – viðgerðir og frjárfestingar .....	27
Lokaorð .....	27

## Formáli

Grunnskólinn á Suðureyri er einn fjögurra grunnskóla í Ísafjarðabæ. Hann hefur verið starfræktur síðan 1908. Ársskýrsla er gefin út á hverju ári en makmið með henni er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem fer fram í skólanum ásamt því að halda utan um nauðsynlegar upplýsingar um skólastarfið. Skýrslan er send Skólasviði Ísafjarðarbæjar og skólaráði Grunnskólans á Suðureyri og birt á heimasíðu skólans [www.grsud.isafjordur.is](http://www.grsud.isafjordur.is) Ársskýrslan mun nýtast sem góð heimild um skólastarfið frá ári til árs. Ýmsar myndir úr skólastarfinu prýða skýrsluna en með þeim getur lesandi fengið góða innsýn í starfið.

Skólastjóri ber ábyrgð á gerð skýrslunnar.

## Inngangur

Í ársskýrslu Grunnskólans á Suðureyri er lýst helstu skipulagsatriðum vetrarstarfsins og stiklað á stóru í yfirferð yfir helstu verkefni. Tilgangur með ritun skýrslunnar er að halda til haga helstu upplýsingum um skólastarfið. Farið er yfir markmið og hvernig til tókst að ná starfsmarkmiðum. Einnig er að finna ýtarlegar upplýsingar um skiptingu nemenda eftir aldri og kyni.

Grunnskólinn á Suðureyri hefur skapað sína sérstöðu eins og flestir skólar, byggða á hefðum sem fylgt hafa skólanum bæði gamlar og nýjar. Faglegt starf í skóla og innra mat eru lykilþættir í að tryggja gæði menntunar. Innra mat veitir skólanum verkfæri til að meta og bæta kennslu og nám, með því að safna gögnum, greina niðurstöður og setja í framkvæmd aðgerðaráætlanir til umbóta. Gæðagreinir sem og skólapúlsinn eru matstæki sem notuð er til þess að meta skólastarf.

Skólastarf hófst á Suðureyri árið 1908, þá var fyrsti skólinn á Suðureyri reistur en hann var byggður í kjölfar þess að lög um skólaskyldu voru sett á árið 1907. Skólinn er því 117 ára.

Einkunnarorð skólans eru [Ástundun - árangur - ánægja](#)

Í upphafi skólaársins voru nemendur 36 en við lok ársins voru þeir orðnir 30. Það útskrifuðust 5 nemendur í vor og 5 nemendur koma í 1.bekk í haust.

Jákvæð umræða bæði heima og í skóla getur haft veruleg áhif á árangur og vellíðan nemenda. Með því að viðhalda góðum samskiptum, veita stuðning og hvatningu getum við hjálpað nemendum okkar að ná betri árangri. Það er mikilvægt fyrir foreldra og kennara og alla sem koma að uppeldi barna að leggja sig fram við að skapa og viðhalda jákvæðri umræðu í daglegu lífi.

Vilborg Ása Bjarnadóttir  
Skólastjóri Grunnskólans á Suðureyri

## Starfsfólk Grunnskólans á Suðureyri 2024 – 2025

Við skólann störfuðu 11 starfsmenn í misstórum stöðuhlutföllum. kólastjóri þetta skólaár var Vilborg Ása Bjarnadóttir og staðgengill skólastjóra var Bryndís Ásta Birgisdóttir.

Arnheiður I. Svanbergsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Bryndís Ásta Birgisdóttir	Umsjónarkennari
Jóhannes Aðalbjörnsson	Grunnskólakennari
Jónína Hrönn Símonardóttir	Náms- og starfsráðgjafi
Kristrún Linda Jónasdóttir	Stuðningsfulltrúi
Ólöf Birna Jensen	Umsjónarkennari
Pétur Óli Þorvaldsson	leiðbeinandi
Sara Hrund Signýjardóttir	Sund og íþróttakennari
Telma Rut Sigurðardóttir	leiðbeinandi
Thitikan Janthawong	Skólaliði og leiðbeinandi
Vilborg Ása Bjarnadóttir	Skólastjóri

### Nemendafjöldi skólaárið 2024 -2025

Nemendur í lok skólaársins voru 30.

Bekkir	Strákur	Stelpa	Alls	Umsjónakennari
1. bekkur	1	0	1	Ólöf Birna Jensen
2. bekkur	0	0	0	
3. bekkur	2	3	5	Ólöf Birna Jensen
4. bekkur	2	1	3	Ólöf Birna Jensen
5. bekkur	2	1	3	Jóhannes Aðalbjörnsson
6. bekkur	0	5	5	Jóhannes Aðalbjörnsson
7. bekkur	1	1	2	Jóhannes Aðalbjörnsson
8. bekkur	0	3	3	Bryndís Ásta Birgisdóttir
9. bekkur	2	1	3	Bryndís Ásta Birgisdóttir
10. bekkur	3	2	5	Bryndís Ásta Birgisdóttir

Samtals: 30 nemendur

Hlutfall nemenda sem eiga annað eða báða foreldra af erlendum uppruna er 67%.

### Fjöldi kennslustunda

Skólaárið 2024-2025 var skólanum úthlutað 146,5 kennslustundum og voru um 130 stundir nýttar. Skipting úthlutunar var á þenna veg, almenn bekkjarkennsla var 89 stundir af 102, 7 í sérkennslu og 6 stundir í kennslu fyrir þá sem hafa annað móðurmál en íslensku. Alls voru 16 skiptistundir en flestar voru nýttar í sameiginlegt verkefni skólanna á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri en það voru fjórar stundir í töflu nemenda í hverri viku. Smiðjutímar voru 10 á viku yfir veturinn. Valtímar voru 2 tímar á viku.

Nemendur unglingsstigs fóru að auki í 4 kennslustundir á viku í valgreinar í Grunnskólann á Ísafirði

## Markmið og stefna

Einkunnarorð Grunnskólans á Suðureyri eru „Ástundun, Árangur, Ánægja“. Grunnskólinn á Suðureyri starfar samkvæmt Grunnskólalögum nr. 91/2008, Aðalnámskrá grunnskóla 2013 og skólafélagsskjalum Ísafjarðarbæjar með gildin; virðing, ábyrgð, metnaður og gleði að leiðarljósi.

Stefna Grunnskólans á Suðureyri er að:

- fylgja markmiðum aðalnámskrár grunnskóla,
- skólinn sé öruggur og aðlaðandi vinnustaður fyrir nemendur og starfsfólk þar sem þeim líður vel
- koma til móts við þarfir hvers og eins nemanda, vekja áhuga þeirra á námi og efla sjálfsvirðingu þeirra,
- nemendur borði hollan og góðan mat og stuðla að aukinni hreyfingu nemenda,
- vinna að góðum samskiptum skóla og heimila.

## Forföll nemenda

Leyfis dagar eru nokkuð margir hjá nemendum og hafa kennarar rætt um ábyrgð foreldra gagnvart námi í leyfi og mikilvægi þess að allir séu upplýstir um ábyrgð sína.

Vegna fámennis og rekjanleika er ekki við hæfi að birta tölulegar upplýsingar um veikindi og leyfi. Allar skráningar eru til í kerfi skólans (mentor).

Skólanum var aldrei lokað vegna veðurs á þessu skólaári.

## Forföll starfsmanna

Við skólann starfa 10 starfsmenn, 6 kennarar, 1 stjórnandi, 2 stuðningsfulltrúar og 1 skólaliði ásamt náms og starfsráðgjafa.

Forföll eru greidd vegna veikina, leyfa eða annarra verkefna.

## Aðkeypt þjónusta

Skólinn fær sérfræðiþjónustu frá Skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar varðandi greiningar og stuðning við nemendur og starfsfólk. Talþjálfun fyrir nemendur hefur verið í gegnum Tröppu.is vikulega fyrir þá nemendur sem á þurfa að halda. Keypt er túlkþjónusta fyrir foreldrafundi og fundi með sérfræðingum ef þörf er á. Einnig höfum við keypt akstur fyrir nemendur vegna sameiginlegra viðburða skólanna í bæjarfélaginu, valgreina sem nemendur fara í á Ísafirði og annarra ferða á vegum skólans.

## Samstarf við nærsamfélagið

Samstarf við leikskólann Tjarnabæ gekk vel þetta skólaárið. Það eru fimm nemendur að koma til okkar í fyrsta bekk næsta vetur. Þessir nemendur komu í heimsókn til okkar reglulega eftir áramótinn. Markmiðið er að væntanlegir nemendur mæti í skólann að hausti fullir að tilhlökkuna.

Samstarf við Tónlistarskólann hefur verið gott. Hljóðfæranám fer fram í skólanum bæði fyrir og eftir hádegi, sumir nemendur eru teknir út úr kennslustundum til að fara í hljóðfæratíma en aðrir fara eftir að annarri kennslu lýkur.

## Skýrsla um skólahald

Skólinn var settur 22. ágúst. Nemendur mættu með foreldrum sínum, fengu stundarskrár og skóladagatal. Einnig var farið yfir fyrstu dagan. Kennsla hófst formlega þann 23. ágúst.

Í september var yngsta stigi boðið á sýninguna Matti en það var Elfar Logi sem sýndi. Sýnt var inn á Leikskólanum Tjarnabæ.

Í október kom Þorgrímur Þráinsson rithöfundur til okkar með lestrarhvetjandi kynningu í boði Mennta- og barnamálaráðherra. Hann hitti miðstig og sagði frá ýmsum bókum ásamt því að segja frá sjálfum sér.

Í október var unglिंगadeildinni boðið á íþróttahátíð í Bolungarvík. Þar tóku krakkar vel á því í hinum ýmsu íþróttagreinum en deginum lauk með balli fram á kvöld.

Við héldum sameiginlegt hrikalegt, hræðilegt Halloween ball með Flateyri og Þingeyri en þessir skólar voru búnir að vinna sameiginlegt verkefni um Halloween. Nemendur allra skólanna höfðu meðal annars bakað ýmsar kræsingar fyrir ballið.



Halloween veitingar



Í Íslandssögu

Í desember var skólanum boðið í heimsókn í fyrirtækið Íslandssögu í tilefni 25 ára afmælis fyrirtækisins. Nemendur fengu að skoða starfsemina, boðið var upp á snúða og djús. Einnig fengu allir glaðning frá fyrirtækinu. Í tilefni afmælisins gaf Íslandssaga grunnskólanum 500.000 krónur til búnaðarkaupa. Við þökkum þessa höfðinglegu gjöf. Það var ákveðið að fjárfesta í Cricut vél sem við ætlum að nýta í tæknismiðju sem og valgreinum.

Í febrúar lærðu nemendur á unglिंगastigi að gera stuttmynd ásamt nemendum frá Flateyri og Þingeyri. Það var Erlingur Óttar Thoroddsen leikstjóri sem var með þetta námskeið en það er samstarfsverkefni UngRiff og Barnamenningarhátíðarinnar Púkans. Stuttmyndirnar voru síðan sýndar á Árshátíð Grunnskólans í apríl.



Stuttmyndagerð

Nemendur í 9.og 10.bekk fóru síðan til Reykjavíkur á „Mína Framtíð” sem haldin var í Laugardalshöllinni. Þar fengu nemendur tækifæri til að sjá það nám sem í boði er eftir að grunnskólagöngu þeirra líkur. Þau fengu að kíkja í heimsókn í Alþingishúsið en það var hún Arna Lára Jónsdóttir sem sýndi þeim húsið.



Unglingastig við Alþingishúsið



Upplestrarkeppnin á Þingeyri

Litla upplestrarkeppnin fór fram á Þingeyri í byrjun mars þar sem nemendur í 7. bekk frá Þingeyri og Suðureyri fluttu ljóð og sögur af einstöku kappi og áhuga . Einn nemandi frá Suðureyri ásamt einum nemanda frá Þingeyri tóku síðan þátt í stóru upplestrarkeppninni, fyrir hönd skólanna, sem haldin var á Ísafirði í sama mánuði.

Bókmenntahátíð var haldin á Flateyri í mars og var okkur boðið þangað. Nemendur á yngsta og miðstigi fengu kynningu frá tveim rithöfundum. Elísabet Thoroddsen kynnti nýja bók sem er væntanleg með vorinu og las hún upp úr henni. Síðan sagði Bergrún Íris Sævarsdóttir frá sínum bókum og ferlinu við að búa til bók.



Bókmenntahátíð á Flateyri

Í Mars fóru nemendur í 9.og 10. bekkur í heimsókn í Menntaskólanum á Ísafirði. Einnig voru einhverjir háskólar með kynningu. Þessi árlega námskynning hjá menntaskólanum hefur alltaf verið ánægjuleg og fróðleg fyrir okkar nemendur.

Árshátíð Grunnskólans var haldinn 8.apríl. Nemendur tóku þjóðsögur fyrir með aðstoð gervigreindar. Fín mæting var á sýningarnar en þær voru tvær.

Nemendur á unglingastigi fóru í Grunnskólann á Ísafirði á fyrirlesturinn Fokk you-Fokk me.



Frach bræður að spila

Við fengum þá Frach bræður í heimsókn til okkar í apríl í tengslum við Barnamenningarhátíðina Púkann. Þeir buðu nemendum á yngsta-og miðstigi upp á Árstíðirnar eftir Vivaldi.

Einnig kom hún Birgitta Birgisdóttir leikstjóri til okkar og bauð upp á leiklistarsmiðju fyrir miðstig.

Hún Margrét Hallmundardóttir fornleifafræðingur kom til okkar í maí. Þar fræddi hún nemendur um forna muni sem hægt er að finna og hvað þeir segja okkur. Hitti hún alla nemendahópana.

Yngsta stig fór í sína árlegu vorferð ásamt elstu nemendum leikskólans þann 20.maí. Farið var í Tunguskóg á Ísafirði og nutu þau veðurbliðunnar þar. Farið var í leiki, vaðað í ánni og gengið um skóginn. Pylsur voru grillaðar áður en haldið var heim á leið.



Vorferð yngsta stigs og leikskólans

Miðstig fór til Bolungarvíkur í sína vorferð. Farið var í Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungavík og síðan skelltu nemendur sér í sund.

Nemendur í 10. bekkur fóru í starfskynningar. Þau völdu að kynnar sér bílaviðgerðir, rafvirkjastörf, smíðar og hönnun og sölu.

Við vorum með skólasýningu í maí þar sem öllum var boðið að kíkja í heimsókn og skoða vinnu nemenda. Kaffisala var á staðnum þar sem fólk gat keypt sér kaffi og kökur sem rann í nemendasjóð. Ágætis mæting var en stórt blakmót var á sama tíma á Ísafirði.

Síðasti skóladagurinn var 30. maí. Þá var nemendum skipt í hópa, farið í ratleik og sund að honum loknum. Síðan voru grillaðir hamburgarar fyrir alla

Kennarar unnu að innleiðingu Leiðsagnanáms í vetur líkt og s.l. vetur.

### **Nefndir og ráð**

Samkvæmt reglugerð skal starfa skólaráð og nemendaverndarráð við skólann.

Þetta skólaár störfuðu í skólaráði Vilborg Ása Bjarnadóttir skólastjóri, Jóhannes Aðalbjörnsson og Ólöf Birna Jensen fulltrúar kennara, Pétur Óli Þorvaldsson sem fulltrúi annars starfsfólks skólans, Vigdís Eva Leifsdóttir Blöndal og Jóhann Kári Bjarnason fulltrúar nemenda, Lilja Einarsdóttir og Emilía Górecka fulltrúar foreldra og Ólafur Halldórsson er fulltrúi nærsamfélags.

Í nemendaverndarráði störfuðu Vilborg Ása Bjarnadóttir skólastjóri, Helena Jónsdóttir fulltrúi heilsugæslu og Jónína Hrönn Símonardóttir, náms- og starfsráðgjafi.

Í skólanum starfar einnig nemendaráð sem skipuleggur félagslíf nemenda. Í því sitja allir nemendur unglíngastígs. Stjórn nemendaráðs var þannig skipuð að þessu sinni:

Formaður var Vigdís Eva Leifsdóttir Blöndal, ritari var Manda Malinda Ævarsdóttir og gjaldkerar voru Hafdís Bára Þorleifsdóttir og Tóbías Þorri Svavarsson en þau skiptu því á milli sín. Meðstjórnendur voru Jóhann Kári Bjarnason og David Smart Kenneth. Vinna þess var með hefðbundnum hætti. Haldið voru bíókvöld, spilakvöld og kaffisala á skólasýningunni.

### **Samstarf heimila og skóla**

Í upphafi skólaárs var ákveðið að fara aftur í námsefnakynningar með foreldrum þar sem allir foreldrar eru boðnir á fund og farið yfir helstu atriði sem snúa að námi nemenda. Foreldrasamtöl voru í nóvember og í febrúar voru nemendastýrð foreldrasamtöl. Þar sýndu nemendur foreldrum sínum valin verkefni og útskýrðu hvað þeir höfðu verið að læra við vinnslu þeirra.

## Kennsla og skipulag bekkjardeilda

Nemendum skólans er kennt í þremur bekkjardeildum í öllum kennslustundum nema í verkgreinum. Sérstök móðurmálskennsla er í tailensku og fer hún fram eftir að annarri kennslu lýkur. Ekki tókst að bjóða upp á móðurmálskennslu í pólsku að þessu sinni.

### Yngsta stig

Á yngsta stigi voru 9 nemendur. Í 1 bekk var 1 nemandi, 5 í 3. bekk og 3 í 4. bekk. Enginn nemandi var í öðrum bekk þennan veturinn. Kynjaskipting var 3 stelpur og 6 strákar. Umsjónarkennari yngsta stigs var Ólöf Birna Jensen. Auk hennar kenndu Jóhannes Aðalbjörnsson, Sara Hrund Signýjardóttir, Telma Rut Sigurðardóttir, Vilborg Ása Bjarnadóttir og Krístrún Linda Jónasdóttir stuðningsfulltrúi var einnig með hópnum í flestum kennslustundum.

## Helstu námsgreinar og viðfangsefni

### Íslenska

#### 1. bekkur

Unnið var út frá Byrjendalæsi í fyrsta og öðrum bekk og lögð var áhersla á stafainnlögn og orðaforða. Farið var í grunnatriði íslenskunnar s.s. lestur, ritun, hlustun og tal. Einnig var unnið með orðaforða sem tengjast sögunni hverju sinni. Unnið var með nafnorð, sérhljóða, stafrófsröð, stóran staf og lítinn staf. Lögð áhersla á að nemendur temji sig á að skrifa litla stafi þegar það á við. Unnið með ritun á ólíkan hátt.

#### 3 - 4. bekkur

Var töluverð verkefnavinna meðfram vinnu í námsbókum. Unnið var með helstu atriði íslenskunnar svo sem sérhljóða, nafnorð, stafrófsröð, stóra stafi og litla stafi, eintölu og fleirtölu og lesskilning. Lögð var sérstök áhersla á lesskilning í allri vinnu.

### Stærðfræði

#### 1. bekkur

Nemendur unnu með aldursmiðað efni, það er stuðst var við þær bækur sem stílað er inn á fyrir hvern árgang og notast var við Sprota 1a og b, bæði nemendabók og æfingaheftið. Einnig var unnið með annað efni sem kennara fannst þurfa til að auka skilning eða fjölbreytni. Bingó og talnakubbar voru notaði yfir veturinn. Stærðfræðileikir á mms.is voru einnig nýttir til þess að hafa sem mesta fjölbreytni. Farið var í þann orðaforða sem tengist stærðfræðinni s.s fleiri, færri, stærri, minni, samlagning, frádráttur, jafnt og, summa, mismunur.

#### 3. - 4. bekkur

Nemendur unnu með aldursmiðað efni, það er stuðst við þær bækur sem stílað er inn á hvern árgang fyrir sig og notast var við Sprota 3a og b. 4a og b. Einnig var annað efni notað þegar ástæða þótti til.

## Lífsleikni

Í lífsleikni var unnið með uppeldi til ábyrgðar þar sem bekkjarsáttmáli var gerður, þarfagreining hjá nemendum, hlutverk nemenda og kennara. Unnið var með bekkjarsáttmálann reglulega yfir veturinn. Bekkjargundi voru haldnir. Rætt var um einelti og afleiðingar þess og hvað er hægt að gera til að hjálpa. Mikil vinna fór í að kenna sjálfsábyrgð, að nemendur þurfi að taka ábyrgð á eigin hegðun og mikilvægi þess að allir fái að vera eins og þeir vilja vera.

Umferðarfræðsla sem tengist hjólreiðum og endurskinsmerkjanotkun var unnið með umferðarfræðslu og stuðst var við efni af síðunni [umferd.is](http://umferd.is).

## Samfélagsfræði

Þessir tímar voru aðalega notaðir í verkefni sem tengdust samþættingu á milli Flateyrar, Þingeyrar og Suðureyrar. Þar unnum við Hrekkjavöku verkefni, Bókin mín, Tækni og Heimabærinn minn

## Náttúrufræði

Bókin Halló heimur 3 var lög til grundvallar og fyrstu fjórir kaflarnir í henni. Námið krafðist töluverðrar samvinnu á milli nemenda auk eigin ígrundunar. Einstaklingsmiðað nám með leiðsagnarmati til styrkingar á eðlilegri námframvindu og góðum árangri.

## Enska

Bókin Yes we can lögð til grundvallar þ.e. 2, 3 og 4. Mikil áhersla var á sjálfstæð vinnubrögð og eigin ábyrgð á námi. Íþáttar voru notaðir óspart bæði til þýðinga og við hlustun o.fl. Einstaklingsmiðað nám með leiðsagnarmati til styrkingar á eðlilegri námframvindu og góðum árangri.

## Íþróttir

Unnin voru fjölbreytt og ánægjuleg hóp- og einstaklingsverkefni í íþróttum, inni sem úti. Nemendur fengu færi á að kynnst ýmsum nýjum leikjum, hlaupaleikjum sem og boltaleikjum, með það að markmiði að auka þol, gleði og efla hreyfifærni. Nemendur fengu einnig tækifæri á að kynnst ólíkum áhöldum, æfingum á áhöldum og þrautabrautum Lögð var sérstök áhersla á aga, uppbyggilega samskipti og auka skilning þeirra á að tapa er hluti af leik. Það voru 2 íþróttatímar í viku frá janúar fram í maí, þá voru þeir 1 á viku.

## Sund

Í sundi hjá 1. og 2. bekk var lögð áhersla á vatnsaðlögun og grunnatriði í fótatökum bringusunds og skriðsunds, sem og að kafa. Nemendur í 3. og 4. bekk voru þjálfaðir í bringusundi, skólabaksundi, skriðsundi, baksundi og kafsundi. Þar var lögð áhersla á sundtækni, öryggi í vatni og sundþol. Lögð var sérstök áhersla á aga og uppbyggilega samskipti.

## Upplýsingatækni

Notast við gagnreynda kennsluvefi til að þjálfa grundvallaratriði við notkun tölva og hvernig þær eru notaðar í tengslum við Netið. Vefur Abcya.com var mikið notaður auk ýmissa annara er kennari framreiddi.

Einstaklingsmiðað nám með leiðsagnarmati til styrkingar á eðlilegri námsframvindu og góðum árangri.

## Smíði og hönnun

Unnin voru margvísleg verkefni í tré með áherslu á sköpun með listrænu ívafi. Áhersla var lögð á verk hæfni og að nemendur gætu unnið verkefni sín frá grunni það er gerðu sér grein fyrir verkferlinu frá teikningu til smíðisgripa. Einstaklingsmiðað nám með leiðsagnarmati til styrkingar á eðlilegri námframvindu og góðum árangri.

## Miðstig

Hópurinn taldi 13 nemendur við upphaf skólaárs, 5 drengir og 7 stúlkur. Samkennsla var í öllum bóklegum námsgreinum og íþróttum. Í verklegum greinum var kennt í smíðjum og hópnum skipt í tvennt þar sem sjötti bekkur var aðskilinn. Mikil áhersla var allan veturinn á að ná upp góðum bekkjaranda og vinnusemi. Þá voru íþáttar óspart notaðir til eflingar á námsframvindu. Lengi vel tókst ekki að ráða að fullu í kennslu á þessu námsstigi svo töluvert var um forfallakennslu þar til úr rættist eftir áramótin. Umsjónarkennari miðstigs var Jóhannes Aðalbjörnsson. Aðrir kennarar voru Pétur Óli Þorvaldsson, Telma Rut Siguðardóttir, Vilborg Ása Bjarnadóttir, Ólöf Birna Jensen og Sara Hrund Signýjardóttir.

## Helstu námsgreinar og viðfangsefni

### Íslenska

Í íslensku var lögð áhersla á fjölbreytt viðfangsefni og var náminu skipt upp í bóklegavinnu og verkefnavinnu ýmiskonar. Sérstök áhersla var á orðaforða, tjáningu og lesskilning. Bækur sem notast var við voru t.d. Orðspor 1,2 og 3 ásamt ýmsum útprentuðum verkefnum fyrir málfar. Lesið var Smásögur, Söguskinnu og Flökkuskinnu fyrir lesskilning og orðaforða.

### Stærðfræði

Grunnnámsefni voru kennslubækurnar Stika A og B fyrir alla árganga og viðbótarefni var útbúið af kennurum eftir þörfum. Mikil áhersla var lögð á góð vinnubrögð og gott vinnulag og fengu nemendur virka endurgjöf í kennslustundum þar sem stuðst var við leiðsagnarnám ásamt umsögnum eftir kaflapróf.

### Náttúrufræði

Til grundvallar var kennsluefnið Náttúrlega 3. Gerðar voru tilraunir og verkefni í bókunum unnin. Spjaldtölva var notuð óspart bæði við skráningar og upplýsingaöflun. Einstaklingsmiðað nám með leiðsagnarmati til styrkingar á eðlilegri námsframvindu og góðum árangri.

## Samfélagsfræði

Allt miðstigið var í sömu bókum á sama tíma. Tekið var fyrir efnið Ísland, Hér búum við og Frá Róm til Þingvalla. Einnig voru gerð verkefni í kringum helstu trúarbrögð heims. Áhersla var lögð á umræður um efnið, verkefni í spjalddölvum og verkefnum á blaði til skiptis. Einnig var hópavinna inn á milli þar sem kynnt var fyrir þekktum þau verkefni en það var í minnihluta verkefna.

## Enska

Bókin Yes we can lög til grundvallar þ.e. 5,6 og 7 auk ýmissa gagnvirkra æfinga á Netinu. Mikil áhersla var á sjálfstæð vinnubrögð og eigin ábyrgð á námi. Íþáttar voru notaðir óspart bæði til þýðinga og við hlustun o.fl. Einstaklingsmiðað nám með leiðsagnarmati til styrkingar á eðlilegri námframvindu og góðum árangri.

## Danska

Námsefnið Start var notað og lokið af þeim sem voru að byrja í dönsku, en þeir sem voru á öðru ári notuðu Smart. Sjöundi bekkur notaðist við Smil. Einstaklingsmiðað nám með leiðsagnarmati til styrkingar á eðlilegri námsframvindu og góðum árangri.

## Íslenska II

Í þessum námshópi voru nemendur sem þurfa auka stuðning í íslensku og eru ekki í dönsku. Farið var í grunnorðaförða sem menntamálastofnun telur að nemendur eigi að kunna við níu ára aldur, unnið var með orðinn á mismunandi vegu en oftast var annaðhvort verkefni í spjalddölvu eða í gegnum leik og skemmtun.

## Lífsleikni

Í lífsleikni var lögð áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð, samtal bekkjarfélaga, samvinnuverkefni og umræður um vinsamlega hegðun og samskipti. Bekkjarsáttmáli var gerður, farið var ofan í saumana í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og bæklinginn Réttindi mín. Útbúinn var kassi sem falleg orð voru sett í og lesin upp á fundum bekkjarins. Haldnir voru bekkjarfundir eftir þörfum. Haldið var eitt bekkjarkvöld fyrir áramót þar sem farið var í ýmsa leiki, spilað, dansað og sagðar sögur. Eftir áramót var að mestu farið í bækurnar Ég og Sjálfmyndin, og Ég og Samfélagið, en voru þau langt komin með sjálfsmýndina og kláruðum við hana og byrjuðum á samfélaginu. Þau voru spurð spurningar sem tengdust efninu sem gæti ýtt undir áhuga þeirra á margskonar efnum sem komu fram í þeim bókum og reynt var að fá bekkinn til að hugsa um umræðuefni hvers kafla.

## Íþróttir

Unnin voru fjölbreytt og ánægjuleg hóp- og einstaklingsverkefni í íþróttum, inni sem úti. Nemendur fengu færi á að kynnast ýmsum nýjum leikjum, hlaupaleikjum sem og boltaleikjum, með það að markmiði að auka þol, gleði og efla hreyfifærni. Nemendur fengu einnig tækifæri á að vinna á ólíkum áhöldum, gera æfingar á áhöldum og vinna í þrautabrautum Einnig var lögð sérstök áhersla á einstaklingsbundna þol og styrktarþjálfun,

markmiðasetningu, samskipti og verkefni sem miðuðu að því að auka áhuga nemenda hreyfingu. Íþróttir voru tvisvar í viku frá janúar fram að maí, þá voru þeir aðeins einu sinni í viku.

## Sund

Í sundi var lögð áhersla á sundþol og sundtækni af ýmsu tagi. Nemendur voru þjálfaðir í bringusundi, skólábaksundi, skriðsundi, baksundi, kafsundi, marvaða og björgunarsundi með jafningja. Lögð var sérstök áhersla á aga og uppbyggilega samskipti.

## Upplýsingatækni

Þessi eini tími á viku fór í forritun annars vegar í Scratch fyrir áramót og svo í Tynker og Kodable eftir áramót. Áhersla var á að nemendur gerðu verkefni er reyndu á rökhusun og sköpun. Einstaklingsmiðað nám með leiðsagnarmati til styrkingar á eðlilegri námsframvindu og góðum árangri.

## Smiðjur

Verk- og listgreinar voru kenndar í þremur hópum nemenda 1.-7. bekkjar. Yngsta stig var saman í hóp, Miðstiginu var skipt í tvennt, 5.og 7.bekkur saman og síðan 6.bekkur. Þetta helgast af stærð nemendahópa og aðstöðu í kennslurýmum. Hver hópur fékk 34-36 stundir í hverju viðfangsefni. Í þessum tímum fengust nemendur við hefðbundin verkefni sem tilheyra smíði og hönnun, textíl, heimilisfræði og tæknismiðju. Auk þess voru nemendur yngsta stigs í smiðju sem kallaðist upplifun, en þar var lögð áhersla á upplifun í gegnum útiverkefni.

## Textíll

Í 5. – 7. bekk var farið í grunnþekkingu í textíl, hvernig á að nota tæki og tól hverju sinni. Sérstaklega var æft að nota saumavél. Gerðir voru bútasaums púðar.

## Heimilisfræði

Farið var í grunnþekkingu í heimilisfræðum, borðsiði, hvernig á að fara eftir einföldum uppskriftum, nota áhöld sem eru í eldhúsum, lesa á umbúðir, flokka sorp og þekkja helstu hættur í umhverfinu. Einnig var farið yfir orðaforða sem notaður er í eldhúsi svo sem athafnir og heiti áhalda.

## Hönnun og smíði

Unnin voru margvísleg verkefni í tré með áherslu á sköpun með listrænu ívafi. Áhersla var lögð á verkþæfni og að nemendur gætu unnið verkefni sín frá grunni það er gerðu sér grein fyrir verkferlinu frá teikningu til smíðisgripa. Einstaklingsmiðað nám með leiðsagnarmati til styrkingar á eðlilegri námframvindu og góðum árangri.

## Upplifun Yngstastig

Þar var farið í náttúruupplifun, mismunandi hliðar náttúrunnar skoðaðar og upplifðar. Ásamt að læra að virða náttúruna og félaga sína í mismunandi aðstæðum.

Tækni

Í 5.-7. bekk var farið í forritun tölvuleikja og forritun vélmenna, hönnun fyrir 3D prentun og cricut skurð.

Textil yngsta stig

Unnið með grunnatriði textilmenntar. Hönnun, sauma aftursting, vefa. Orð sem unnið var með voru spor, jafi, léreft, afturstingur, form, nálarauga, hveitibatik, vefa. Nemendur gerðu púða, veggmynd, vefað skraut.

Elsta stig

Í elsta hóp eru 11 nemendur, 5 drengir og 6 stúlkur. Þar er samkensla þriggja árganga og eru 3 nemendur í 8. bekk, 3 nemendur í 9. bekk og 5 nemendur í 10. bekk. Umsjónarkennari elsta hóps er Bryndís Ásta Birgisdóttir. Aðrir kennarar sem koma að kennslu hópsins eru: Jóhannes S. Aðalbjörnsson, Ólöf Birna Jensen, Sara Hrund Signýjardóttir og Telma Rut Sigurðardóttir. Stuðningsfulltrúi er Arnheiður Svanbergsdóttir. Nemendur í 8. – 10. bekk fara í valgreinar í Grunnskólanum á Ísafirði.

## Helstu námsgreinar og viðfangsefni

Íslenska

Unnið er út frá Aðalnámskrá grunnskóla. Námsgreinið kemur því úr ýmsum áttum en grunnefni er Logar, Trunt, trunt og tröllin, Egils saga, Fýkur yfir hæðir, Innrásin frá Mars, Bragfræði, stafsetningaræfingar. Ýmsar bókmenntabækur eru notaðar ásamt ljóðabókum og tilfallandi verkefnum. Fjölbreyttir kennsluhættir eru notaðir til dæmis hópinnlagnir, verklegar æfingar, innlifun og tjáning, hópvinna og sjálfstæð skapandi vinna. Námsmat er símat og könnunarpróf í lok kafla ásamt verkefnavinnu.

Stærðfræði

Teknir eru fyrir námsþættir úr Aðalnámskrá grunnskóla. Námsgreini sem hentar í hvert sinn er tekið úr Skala 1 – 3, Almennri stærðfræði I – III og efni af vef. Allir bekkirnir fóru í fjármálafræðslu og fengu fræðslu um réttindi sín á vinnumarkaði. Ýmsir kennsluhættir eru notaðir t.d. hópinnlagnir, verklegar æfingar og sjálfstæð skapandi vinna. Námsmat er símat og könnunarpróf í lok kafla ásamt verkefnavinnu.

Náttúrufræði

Bókin Maður og náttúra var lögð til grundvallar kennslu á haustönn en Efnisheimurinn á vorönn. Gerðar voru tilraunir og verkefni í bókum unnin. Spjaldtölva var notuð óspart bæði til að skrá inn á og til að afla sér upplýsinga um viðfangsefnið. Einstaklingsmiðað nám með leiðsagnarmati til styrkingar á eðlilegri námsframvindu og góðum árangri.

Samfélagsfræði

Aðalnámsgreini skólaársins er námsgreinið Þjóðfélagsfræði og Styrjaldir og kreppa. Ýmsir kennsluhættir eru notaðir t.d. hópinnlagnir, verklegar æfingar, hópavinna og sjálfstæð skapandi vinna. Námsmat er símat og verkefnavinna.

## Enska

Til grundvallar náms voru bækurnar Spotlight 8, 9 og 10. Námsvefirnir Readtheory og Readworks voru mikið notaðir. Netíð var óspart nýtt til þjálfna nemendur í ensku og þær bjargir sem þar er að finna í námi um enska tungu. Einstaklingsmiðað nám með leiðsagnarmati til styrkingar á eðlilegri námsframvindu og góðum árangri.

## Danska

Námsefnið er Tænk les og vinnubók. Fjölbreyttir kennsluhættir eru notaðir til dæmis hópinnlagnir, verklegar æfingar, innlifun og tjáning, hópvinna og sjálfstæð skapandi vinna. Námsmat er símat og könnunarpróf í lok kafla ásamt verkefnavinnu.

## Lífsleikni

Í lífsleikni var unnið með líðan og tilfinningar ásamt samskiptum. Farið var í kynfrelsi, jafnrétti, ákvarðanatöku og persónuleg fjármál. Notaðar voru samræður, innlagnir og hópvinna. Námsmat er símat.

## Upplýsingatækni

Í Upplýsingatækninni var áhersla lögð á notkun á Microsoft forritunum word og excel.

## Íþróttir

Unnin voru fjölbreytt og ánægjuleg hóp- og einstaklingsverkefni í íþróttum, inni sem úti. Nemendur fengu færi á að kynnast ýmsum nýjum leikjum, hlaupaleikjum sem og boltaleikjum, með það að markmiði að auka þol, gleði og efla hreyfifærni. Nemendur fengu einnig tækifæri á að vinna á ólíkum áhöldum, gera æfingar á áhöldum og vinna í þrautabrautum. Einnig var lögð sérstök áhersla á einstaklingsbundna þol og styrktarþjálfun, markmiðasetningu, samskipti og verkefni sem miðuðu að því að auka áhuga nemenda hreyfingu. Íþróttir voru tvisvar í viku frá janúar fram að maí, þá voru þeir einu sinni í viku.

## Sund

Í sundi var lögð áhersla á sundþol og sundtækni af ýmsu tagi. Nemendur voru þjálfaðir í bringusundi, skólabaksundi, skriðsundi, baksundi, kafsundi, björgunarsundi með jafningja, marvaða og flugsundi.

## Valgreinar

Nemendur 8.-10.bekkar sóttu fjórar kennslustundir á viku í valgreinum í Grunnskólann á Ísafirði. Þar er mikið framboð af greinum og var val nemenda einstaklingsbundið. Nemendur fóru með rútu á vegum skólans í valið og tóku svo almenningssamgöngur heim.

## Áhugasviðsverkefni

Áhugasviðsverkefni er verkefni nemenda í 5.-10.bekk. Í ár var unnið að verkefnum í samvinnu við grunnskólana á Flateyri og Þingeyri. Nemendur vinna að verkefnum sem eru skipulögð út frá Aðalnámskrá grunnskóla.

# Helstu markmið ársins

## Starfsmarkmið skólans

Grunnskólinn á Suðureyri setti sér fjögur markmið fyrir árið 2024 – 2025. Þau eru að vinnu með nemendum þar sem megináherslur voru lagðar á læsi og lesskilning, námsvitund, skapandi starf, sjálfsmynd og sjálfstraust, ábyrgð á eigin líðan, lýðræði og jafnrétti, samskipti og vináttu. Í vinnu starfsmannahópsins var lögð áhersla á gott upplýsingaflæði, ábyrgð á eigin heilsu og leiðsögn við nýliða.

## Læsi, orðaforði og framfarir í námi

Lögð verði áhersla á lestur í öllum námshópum og nemendum kenndar leiðir til að efla lesskilning sinn.

### Leiðir:

- Alla dagar í íslenskutímum er yndislestur í boði á skólatíma þar sem kennarar lesi með nemendum.
- Haldnar verði bókmenntakynningar í öllum námshópum þar sem starfsmenn, foreldrar og nemendur segja frá sinni uppáhaldsbók.
- Vinna nemenda með orðaforða í öllum námsgreinum verði gerð sýnileg á veggjum skólans.
- Unnið verði með framsögn í tengslum við skil nemenda á áhugasviðsverkefnum.
- Markmið náms og matsviðmið verði útskýrð reglulega fyrir nemendum og foreldrum og nemendur hvattir til að setja sér einstaklingsbundin markmið.

**Mat:** Farið verður yfir þau atriði sem hægt er að staðfesta að hafi verið unnin að öðru leyti verður tekið mið af viðmiðum Menntamálastofnunar í lesfimi, mati kennara á vinnu með orðaforða og markmiðsvinnu nemenda.

## Skapandi starf

Lögð verði áhersla á að nemendum gefist tækifæri til að beita skapandi hugsun við sem flest tækifæri í skólastarfinu.

### Leiðir:

- Í kennsluáætlunum allra greina birtist að minnsta kosti eitt útiverkefni og eitt verkefni sem býður upp á skapandi starf nemenda.
- Í kennsluáætlunum mið- og unglíngastigs birtist að minnsta kosti eitt verkefni þar sem nemendur hafa val um hvernig skal skila úrlausn.
- Áfram verði unnið með áhugasviðsverkefni með nemendum 5.-10.bekkjjar. **Mat:** Farið verði yfir kennsluáætlanir á haust og vorönn. Nemendur og kennarar leggi mat á vinnu við áhugasviðsverkefni. Lokamat vegna áhugasviðsverkefnis verður gert með nemendum og starfsmönnum í maí. Mat á verkefnum úr kennsluáætlunum verður gert á starfsmannafundi í júní.

## Ábyrgð á eigin líðan, samskipti og vináttu

Lögð verði áhersla á að nemendur skilji hvernig þeir geta haft áhrif á eigin líðan og kunnir leiðir til að takast á við vanlíðan.

## Leiðir:

- Unnið verði með grunnþarfir Uppbyggingar í öllum hópum.
- Bekkjarsáttmáli verði unninn í öllum bekkjum í september og endurmetinn á vorönn.
- Sáttaleið Uppbyggingar til að leysa úr ágreiningi verði kennd á miðstigi.
- Einnig verði unnið markvisst með önnur verkfæri Uppbyggingar eins og hegðunarbílinn á miðstigi og óskaveröldina á unglingsstigi.
- **Mat:** Niðurstöður úr könnunum Skólapúlsins og samantekt úr viðtölum námsráðgjafa.

## Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti

Lýðræðisleg vinnubrögð verði samofin skólastarfinu á öllum stigum sem felur meðal annars í sér að auka skilning nemenda á lýðræðislegum ferlum og efla samræðufærni þeirra.

## Leiðir:

- Haldin verða 3 nemendaping á skólaárinu. Niðurstöður þinganna verði kynntar öllum í skólasamfélaginu og gerðar sýnilegar í skólanum.
- Nemendum verði boðið að velja á milli verkefna eins oft og mögulegt er.
- Unnið verði með hugtök sem tengjast lýðræði og jafnrétti í öllum námshópum og þau skilgreind.

**Mat:** Fjöldi nemendapinga og samræðuefni verði skráð. Hugtakavinna verði sýnileg. Mat á vali nemenda fari fram á starfsmannafundum í janúar og maí.

## Starfsmannahópurinn

Mikilvægt er að upplýsingaflæði sé gott og að gætt sé fyllsta öryggis, að starfsmenn hafi tækifæri til að leita stuðnings hver hjá öðrum um málefni sem varða kennslu og að starfsmenn séu meðvitaðir um ábyrgð á eigin heilsu.

## Leiðir:

- skólinn er með áætlun um móttöku og eftirfylgni við nýliða í starfi
- áhættumat fyrir vinnustaðinn samkvæmt stöðlum vinnueftirlitsins – ábyrgð öryggistrúnaðarmaður
- heilsustefnu skólans fylgt eftir
- Upplýsingar verði skrifaðar á töflu á starfsmannasvæði daglega.
- Starfsmenn muni eftir að upplýsa hver annan um atvik sem upp koma og geta haft áhrif á vinnu í næstu kennslustundum eða í frímínútum.
- Almennar tilkynningar verði settar inn á workplace-hóp starfsmanna og á dagatal inni á kaffistofu kennara.
- Stundatafla sé skipulögð þannig að hún bjóði upp á samvinnu starfsmanna.

**Mat:** Árangur metinn í janúar og maí.

## Niðurstöður um hvernig til tókst með markmið ársins

Ágætlega gekk að vinna með markmið skólans fyrir skólaárið. Það voru þó ekki öll markmið sem tókst að uppfylla.

Óftast var hægt að bjóða upp á yndislestur. Ekki gekk að halda bókmenntakynningar en unnið var með orðaforða en gera má það enn sýnilegri á veggjum skólans. Nemendur fengu að velja hvernig skila ætti verkefnum.

Vel gekk að setja skapandi starf inn í kennslu sem og útiverkefni í flestum greinum.

Unnið var með bekkjarsáttmála á öllum stigum og hann endurskoðaður á vorönn.

Nemendaping gengu vel. Unnið var með nemendum í tenglum við hugtökin lýðræði og jafnrétti en má gera betur.

Í tengslum við starfsmannahópinn þá var reynt að skrifa reglulega upplýsingar á töflu í starfsmannarými. En vantar upp á að starfsmenn láti aðra vita ef eitthvað kemur upp á sem getur haft áhrif á næstu kennslustund. Einnig þarf að skoða heilsustefnu skólans og kynna hana betur fyrir starfsfólki.

Viðhorf nemenda til lestur er ekki gott enda lesa börn minna í dag en fyrir nokkrum árum. Þeir segjast bara lesa ef þau þurfa að gera það. Það eru samt nokkrir sem segja að lestur sé eitt af uppáhaldsáhugamálum sínum. Það þarf virkilega að efla áhuga nemenda á lestri.

Einnig þarf að efla þrautseigju í námi en margir eru fljótir að gefast upp.

Mynd 1) Niðurstöður skólapúlsinn, nemendur í 6. – 10. bekk svara:

### 1. Virkni nemenda í skólnum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	3,7	27	-1,0	4,2	17.661	-0,5
1.2. Þrautseigja í námi	3,2	31	-0,3	4,4	17.780	-1,2*

Líðan sumra nemenda er ekki alltaf góð m.a. telja þeir sig oft vera misheppnaða og að þeir skipti ekki máli. Mikilvægt er að efla viðhorf nemenda til sjálfs síns og huga að andlegri líðan þeirra.

Einnig eru nemendur sem telja sig ekki samsvara nemendahópnum. Þeim finnst vinnufriður ekki nægilegur í kennslustofunni, of mikill hávaði og óróleiki.

## Mynd 2) Skólapúlsinn:

### 2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	3,5	29	0,0	4,3	17.675	-0,8*
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,0	30	0,2	4,3	17.611	-0,3
2.3. Velliðan	3,2	30	-0,7	4,4	17.840	-1,2*

## Mynd 3) Skólapúlsinn:

### 3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,0	28	-0,2	4,8	17.518	-0,8*
3.2. Samband nemenda við kennara	3,4	29	-0,6	4,7	17.702	-1,3*
3.3. Agi í tímum	4,1	30	0,0	4,7	17.681	-0,6
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	3,7	30	-0,5	4,8	17.592	-1,1*

## Foreldrakönnun skólapúlsins.

Annað hvert skólaár taka foreldrar þátt í könnun Skólapúlsins.

Niðurstöður þetta árið voru ekki alveg nógu góðar. Þó fengu kennarar hrós frá foreldrum í tengslum við manneklu vetrarins, hversu tilbúnir þeir voru til að stíga inn í og vinna aukavinnu.

Meðal atriða sem foreldrar nefndu voru:

- Foreldrar töldu þyngd námsefnis of létt í skólanum
- Foreldrar bentu á að það mætti bæta upplýsingaflæðið.
- Þau töldu að skólinn kæmi ekki til móts við þarfir nemenda. Þó hafa ekki borist kvartanir til umsjónakennar né skólastjóra.
- Foreldrar telja að líðan nemendfa sé ekki góð en það er í samræmi við nemendakönnun skólapúlsins. Líðan nemenda hefur þó aðeins farið upp á við á milli kannanna.
- Foreldrar telja að einelti sé látið óáreitt. Ekki var samræmi á milli þeirra sem töldu að barn sitt hefði orðið fyrir einelti og tilkynninga til skólans.
- Foreldrar eru síst ánægðir með tómsbundariðkun að loknum skóladegi. Það er lítið sem skólinn getur gert í því.
- Foreldrar telja að þeir hafi ekki mikil áhrif á skólastarfið. Það sé ekki hlustað á þær hugmyndir eða tillögur sem þeir nefna í tengslum við nám barna þeirra. Flestir ánægðir með síðasta foreldraviðtal.
- Foreldrar telja að heimavinna sé of lítil en sá tími sem foreldrara eyða í heimanám barna sinna er undir meðaltali.
- Foreldrar eru ánægðir með samstarfsverkefni milli skólanna á Suðureyri, Flateryi og Þingeyri.



## Innra mat

Í 35. og 36. gr. VIII kafla í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er kveðið á um að hver skóli skuli meta árangur og gæði skólastarfsins. Starfsfólk Grunnskólans á Suðureyri hefur unnið að sjálfsmati skólaárið 2023-2024. Í skólanum er matskerfið „Gæðagreinar“ notað við flesta matsþætti, allir starfsmenn vinna saman að matinu í skipulögðum gagnrýnum samræðum og í sumum matsþáttum taka nemendur einnig þátt. Einnig er stuðst við niðurstöður úr könnunum Skólapúlsins, könnunum sem við gerum sjálf eða látum gera, niðurstöðum starfsmannasamtala og niðurstöður úr lesferilsprófum Menntamálastofnunar við sjálfsmatið. Í vetur var stefnan að vinna þrjú matsverkefni en þau urðu aðeins tvö. Skólastjóri setur upp áætlun um innra mat í samstarfi við kennara. Matið er til fimm ára í senn og er lagt fyrir á stafsmanafundi. Sjálfsmatsáætlun er síðan birt á heimasíðu skólans.

## Lesferill

Á vef Menntamálastofnunar má fá lesfimiþróf sem lögð eru fyrir í flestum skólum landsins. Prófin eru lögð fyrir þrisvar á skólaárinu og fær skólinn niðurstöður sínar bornar saman við niðurstöður allra annarra sem taka prófin. Sett eru fram þrjú viðmið fyrir hvern árgang, það er lágmarksviðmið sem gert er ráð fyrir að allir nemendur nái, meðaltalsviðmið sem gert er ráð fyrir að flestir nemendur nái og svo efsta viðmið sem aðeins vel læsir nemendur ná. Ekki er hægt að birta yfirlit skólans þar sem nemendur í hverjum árgangi eru fáir og mögulegt að lesandi geti áttað sig á stöðu einstaklinga.

Samkvæmt niðurstöðum Lesferils frá því í maí 2025 eru flestir nemendur undir eða á milli viðmiða 1 og 2.



Þó má sjá mun á viðmiði 2 milli ára þar sem fleiri eru á viðmiði 2 en síðasta vor.

Talnalykillinn var lagður fyrir nemendur í 3. og 6.bekk. Mælitölur prófsins gefa til kynna hvar nemandi stendur í samanburði við nemendur í sama árgangi í einstökum þáttum stærðfræðinnar.

Lesskimun i LOGOS var lögð fyrir nemendur í 3b. Vegna fámennis getum við ekki birt niðurstöður úr þessum skimunum.

## Gæðagreinar

Gæðagreinar eru byggt á skoska sjálfsmatkerfinu How good is our school. Árið 1999 var skoska matskerfið þýtt og staðfært af starfsfólki hjá Skólaskrifstofu Skagfirðinga og var það nefnt Gæðagreinar. Þetta efni hefur verið uppfært nokkru sinnum en nýjasta útgáfan er síðan 2015 og fékk hún heitið „Hversu góður er grunnskólinn okkar?“ og fengu grunnskólar Ísafjarabæjar leyfi til þess að nota það.

## Framkvæmd sjálfmats skólaárið 2024 - 2025

Samkvæmt lögum um grunnskóla frá 2008 eru markmið með mati og eftirliti með gæðum starfs þeira að veita upplýsingar um skólastaf og árangur og tryggja að starfsemin sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla. Einnig að auka gæði náms og stuðla að umbótum og tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á (Lög um grunnskóla nr.91 frá 2008).

Samkvæmt 36.grein grunnskólalaga frá 2008 ber grunnskólum eigin að meta starf sitt og árangur með kerfisbundnum hætti, með virkni þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Tilgangur þess mats er að greina veika og sterka þætti skólastarfsins og gera viðeigandi umbótaráætlanir. Þetta er sá þáttur sem kallast sjálfsmat skóla. Það er jafnframt leið til að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun skólastarfs. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiði skólans hefur verið náð, greina sterka og veikar þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmat verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað, með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfinu og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat eru því lykill að því að gera góðan skóla betri.

Til að tryggja að matið sé kerfisbundið gera skólar matsáætlun þar sem allir þættir skólastarfsins eru teknir fyrir einu sinni eða oftár á 3-5 ára tímabili.

Matsáætlun 2023 – 2028

	gæðagr	2023-2024	2024-2025	2025-2026	2026 - 2027	2027 - 2028
Skólanámskrá	1.3 2.2	X				
Starfsáætlun	1.3 2.2	X	X	X	X	X
Nám, námsárangur, kröfur og námsmat	3.1. 2.4, 3.1 3.2	X		X		X
Nemendur, líðan og þarfir, starfsandi, samskipti, samstarf og félagsstarf	3.1	X	X	X	X	X
Kennsla, kennsluhættir og starfsþróun	2.3, 2.6		X			
Starfsfólk, starfshættir, endurmenntun, líðan, þarfir, starfsandi, samskipti	1.4		X			
Stjórnun	1.2 1.4				X	
Viðmót og menning skóla, Jafnrétti, jafnréttisáætlun á 3ja ára fresti skv.lögum	2.1 3.1		X			
Aðbúnaður						X
Samstarf heimila og skóla	2,5 2.7	X		X		X
Ytri tengsl, önnur skólastig, nærsamfélagið	2.7	X				
Umbótaaðgerðir og þróunarstarf	1.1				X	
Ráðstöfun auðlinda, fjármagns, tíma, mannauðs og búnaðar	1.5				X	

Á yfirstandandi skólaári var unnið með fimm gæðagreinum. Hver gæðagreinir samanstendur af 10 – 15 spurningum og matsviðmiðum. Vinnan fór þannig fram að starfsmenn fengu matsþátt og ræddu saman um. Þær niðurstöður sem hér eru birtar eru meðaltal hvers matsþáttar.

Gerða var umbótaráætlun ef matsþáttur fékk einkunn undir 4,5.

Yfirlit gæðagreina sem svarað var á skólaárinu.

Matsþáttur	Meðtalseinkunn
Starfsáætlun	3,8
Nemendur, líðan og þarfir, starfsandi, samskipti og félagsstarf	4
Kennsla, kennsluhættir og starfsþróun	4,5
Starfsfólk, starfshættir, endurmenntun, líðan, þarfir, starfsandi, samskipti	4,7
Viðmót, menning skóla, jafnrétti, jafnréttisáætlun	4,9

## Starfsáætlun

**Sterkar hliðar:** Starfsfólk hefur miklar væntingar til nemenda og geri sér grein fyrir styrkleikum skólans. Svigrúm til nýbreytni, símenntunar og sköpunar.

**Veikar hliðar:** Allt skólasamfélagið þarf að vinna saman að því að móta markmið skólans. Einnig að upplýsa nemendur betur um stefnu, markmið og gildi skólans.

**Niðurstöður:** Nýta betur nýja þekkingu og taka þátt í breytingum. Einnig þarf að hafa í huga að gefa kennurum tíma til að ígrunda. Vinna meira með þá þætti sem koma ekki nógu vel út, ræða reglulega um þá og vinna að endurbótum. Reglulega yfir skólaárið.

Nemendur, líðan og þarfir, starfsandi, samskipti og félagsstarf.

**Sterkar hliðar:** Stafsfólk er meðvitað um mikilvægi þverfaglegs náms í skólastarfi. Stuðst við skólastefnu sveitafélagsins sem og gildandi menntastefnu við gerð skólanámsskrár.

**Veikrar hliðar:** Sérstaða skólans ekki nýtt. Efla þarf sjálfsvitund nemenda sem og þroska til færni í námi og starfi. Þátttaka nemenda í skipulagningu og greiningu á námstækifærum.

**Niðurstöður:** Vinna meira með nemendum í því að efla sjálfsvitund þeirra sem og þáttöku þeirra í að efla námstækifæri. Efla sérstöðu skólans og virkja allt námssamfélagið betur.

Kennsla, kennsluhættir og starfsþróun

**Sterkar hliðar:** Gott viðhorf starfsfólks til nemenda, Fjölbreyttar aðferðir til að mæta þörfum nemenda. Viðhorf starfsfólks til að efla færni sína sem og að bæta nám og kennslu með leiðsögn og þjálfun.

**Veikar hliðar:** Skortur á virkri endurgjöf þar sme nemendur velta fyrir sér námi sínu með kennurum til að nálgast markmið. Nám nemenda sem þurfa meiri stuðning þarf að vera merkingarbærara.

**Niðurtöður:** Viðhorf starfsfólks til nemenda gott og þeir vilja gera betur í tengslum við nemendur sem þurfa stuðning í námi. Fá foreldra meir að borðinu í tengslum við þarfir nemenda í námi.

Starfsfólk, sterfshættir, endurmenntun, líðan, þarfir, starfsandi og samskipti.

**Sterkar hliðar:** Starfsfólk þekkir hlutverk sitt varðandi heilsu og velferð barna og tekur mið af lögum og reglum varðandi velferð, jafnrétti og skóla án aðgreininga. Allir nemendur eru mikilvægir.

**Veikar hliðar:** Viðhorf nemenda ekki alltaf gott m.a. varðandi samskipti og góða hegðun.

Niðurstöður: Mikilvægt að vinna með viðhorf nemenda í garð annarra. Efla jákvæð samskipti

Viðmót og menning skóla. Jafnrétti og jafnréttisáætlun

Sterkar hliðar: Fagleg vinnubrögð, niðurstöður námsmats nýttar til umbóta í skólastarfinu. Nemendur hvattir til að efla námsárangur sinn.

Veikar hliðar: Nemendur ekki nógu virkir í námi og ákvarðanatöku um námsleiðir til að móta sína framtíð.

Niðurstaða: Virkja nemendur en betur í námi. Nýta betur leiðsagnarnám.

## Skýrsla náms og starfsráðgjafa

Á þessari haustönn voru miðvikudagar „Suðureyrardagar“, þ.e.a.s. 3 miðvikudagar í mánuði – því síðasta miðvikudag hvers mánaðar var ég á Þingeyri til að jafna út tímana.

Frá skólabyrjun og fram til jólafrís voru áætlaðar 13 ferðir. Það fór þó svo að 2 daga var ég í launalausum leyfi og 2 daga var ég veik. Alls voru því farnar 9 ferðir.

Verkefni voru af ýmsum toga, en öll lutu þau að velferð nemendanna. Einstaklingsviðtöl voru tekin við marga nemendur skólans, ég náði öllum nemendum á yngsta stigi og 10. bekkjum – en í öðrum hópum náði ég ekki að tala við alla.

Tveir nemendur á miðstigi komu nánast í hvert skipti til mín til að ræða persónuleg og skólatengd mál.

Tengslakannanir voru lagðar fyrir nemendur á öllum stigum og unnið úr þeim. Umsjónarkennarar fengu þær síðan afhentar og áfram til frekari úrvinnslu ef þörf þótti.

CDI- skimun (fyrir kvíða og þunglyndi) var lögð fyrir 9. bekkjuna og kom hún vel út hjá þeim eina nemanda af þremur sem skilaði inn leyfisbréfi foreldra.

Rætt var við 10. bekkjuna um framhaldsskóla, forinnritun, inntökuskilyrði o.fl. Ekki var tími til að taka Bendil áhugasviðskönnun og engin skólaheimsókn í MÍ er á dagskrá að hausti svo umsjónarkennari verður að fylgja því eftir á vorönn, ásamt því að fara vonandi líka á „Mín framtíð“ í mars.

Kennarar og skólastjóri ræddu nám einstaka nemenda við mig þegar þörf var á.

Líkt og fyrri ár, má sjá að starf náms- og starfsráðgjafa er fjölbreytt og mikilvæg þjónusta sem nemendur eru duglegir að nýta sér. Mjög mikilvægt er að þeir viti að á þá er hlustað og erindi þeirra tekin alvarlega. Flestir nemendur á unglingsstigi hafa fengið afhentan blöðung um starfsemi og hlutverk náms- og starfsráðgjafa, því það er einnig gott fyrir foreldra að gera sér grein fyrir því að þeir geta komið með ábendingar og áhyggjumál af sínum börnum til náms- og starfsráðgjafa. Þetta

starf er í stöðugri þróun og foreldrar hafa í auknum mæli nýtt sér það – ýmist beint eða í gegnum skólann. Þörfin er því brýn áfram fyrir starfandi náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum Ísafjarðarbæjar – og vert er að minna á það að samkvæmt grunnskólalögum eiga nemendur rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar af menntuðum náms- og starfsráðgjöfum.

Þar sem ég hef óskað eftir ársleyfi frá störfum frá 1. Janúar 2025 – 31. Desember 2025, tel ég mjög mikilvægt að ráðinn verði annar náms- og starfsráðgjafi til að sinna þeirri lögbundnu skyldu að hafa málsvara nemenda að störfum í fagteymi starfsmanna Grunnskólans á Suðureyri, nemendum til hagsbóta.

Grunnskólanum á Suðureyri, 4. desember 2024

Jónína Hrönn Símonardóttir MA í náms- og starfsráðgjöf.

## Upplýsingar um nauðsynlegar breytingar – viðgerðir og frjárfestingar

- ◇ Til stóð að taka kennslueldhúsið í gegn hjá okkur síðasta sumar en ekki gekk að fá iðnaðarmenn í verkið. Það er mikilvægt að farið sé í þessa framkvæmd sem fyrst.
- ◇ Skipt var um útihurð fyrir ári síðan sem átti að vera til bráðabirgða en sett var innri hurð sem var í anddyri skólans. Það er nauðsynlegt að nýjar útidyrhurðir komi sem allra fyrst. Það er farið að vera erfitt að loka þessari sem er.
- ◇ Salerni nemenda eru orðin gömul, stíflast auðveldlega og kemur iðulega „ræsislykt“ sem nemendur kvarta sáran undan. Vaskur er farin að losna frá vegg inn á kvennaklósetti.
- ◇ Þarf að endurnýja starfsmannasalerni á efri hæð.
- ◇ Það er bagalegt að starfsmannarými kennara er ekki nýtt sem skildi vegna myglueinkenni starfsmanna. Það var leki í þessu rými fyrir nokkrum árum, hefur ekki lekið síða farið var í þakframkvæmdir. Skipta þarf um loftplötur í starfsmannarými þar sem ekki hefur verið skipt um þar, en skipt hefur verið um plötur í sameiginlegu rými á kaffistofu.
- ◇ Þarf að skipta um ljós í unglíngastofu. Þau eiga það til að slá út lekaliða.
- ◇ Aðgengi bak við skólann er ekki sem best en þar mætti setja þrep upp þar sem það er hátt upp í hurðina. Matráður á stundum erfitt með að koma matnum inn, reynir óþarflega mikið á.
- ◇ Æskilegt væri að opna á milli tveggja stofa á efri hæð og setja þar rennihurð. Með því erum við komin með góðan sal bæði til að nota í kennslu og einnig í tengslum við viðburði á vegum skólans.
- ◇ Tími er komin á að endurnýja ýmsa stærri hluti í tengslum við íþróttakennslu.

### Lokaorð

Veturinn gekk vonum fram þrátt fyrir vöntun á kennara í haust. Starfsfólk var tilbúnir að leggja á sig aukavinnu til þess að dekkja þetta tímabil. Erfitt var að fá kennara en einn tilbúin að koma sem var ekki með menntun. Var lengi að fá undanþágu fyrir hann. Um áramót misstum við tvo starfsmenn í langtíma veikindi. Í janúar byrjaði einn starfsmaður hjá okkur og annan í febrúar. Það var viss létti hjá starfsfólki að þurfa ekki að taka að sér meiri yfirvinnu, enda allir orðnir þreyttir um áramót.

Sundkennsla féll niður í janúar þar sem íþróttakennarinn fór í veikindaleyfi. Ákveðið var að sundtíminn færi í léttu hreyfingar með umsjónakennara en í þróttatímarnir héldu sér. Í maí fengum við aðila til að kenna sund og var því sund tvisvar í viku í fjórar vikur og íþróttir einu sinni í viku.

Nemendur hafa verið mjög ánægðir með samvinnuverkefnið okkar við skólanna á Flateyri og Þingeyri. Það voru unnin fjögur verkefni þennan veturinn og lögð áhersla á samvinnu kennara þar sem þeir funduðu reglulega. Áframhald verður á þessu verkefni næsta vetur.

Hér lýkur yfirferð á helstu atriðum á þessu starfsári Grunnskólans á Suðureyri. Samantektin er ekki tæmandi en góð viðbót við heimildir um skólastarf skólaárið 2024 – 2025.

Suðureyri júní 2025

Vilborg Ása Bjarnadóttir, skólatjóri